

Svæðisráð vestursvæðis – símafundur 15.02.12

Mættir voru: Ástvaldur Guðmundsson, Elín Heiða Valsdóttir, Karl Ölvirsson, Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Skúlason og Kári Kristjánsson., Forföll boðaði Erla Ívarsdóttir.

1. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir stækkaðan þjóðgarð - 1. drög.

Farið var yfir drög að verndaráætlun m.t.t. lagfæringa vegna athugasemda sem borist höfðu frá Elínu Heiðu (munnlegar), Ólafíu Jakobsdóttur, Kára Kristjánssyni og Róberti Sigurjónssyni.

Talsverð umræða varð um leið í fjöruborði Langasjávar, en tillaga var um að hafa hana opna frá 1. sept. Ólafía benti á að leiðin væri hættuleg, sbr. Blautulón, óþörf (samsíða annarri), auk þess að sérleið fyrir Íslendinga orkaði tvímælis. Elín benti á að hér væri um málamiðlun að ræða og að betra væri að leyfa akstur eftir leiðinni allri um takmarkaðan tíma (án merkinga) frekar en að hafa hana opna áleiðis allt sumarið. Ástvaldur taldi tillögu um opnun eftir 1. september eiga rétt á sér sem sátta- og málamiðlun; þetta mætti endurskoða við næstu upptöku verndaráætlunar. Þá var bent á að þjóðgarðsvörður hefur lagaheimild til að loka slóðum ef nauðsyn krefur. Ákveðið var að halda tillögu um opnun frá 1. september en bæta við þungatakmörkunum, 3,5 tonn.

Aðrar ábendingar sem borist höfðu varðandi drög að verndaráætlun voru afgreiddar án mikillar umræðu og plaggið samþykkt til birtingar á vefnum.

Elín Heiða upplýsti að ekki lægi ljóst fyrir hvernig framhaldið ynnist hjá stjórn þjóðgarðsins. Í athugun væru frekari breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun og taldi Elín ekki ólíklegt að afgreiðsla stjórnar gæti dregist umtalsvert. Þetta mundi þó skýrast eftir næsta stjórnarfund. Elín Heiða taldi ekki ástæðu til að afgreiða tillöguna endanlega frá svæðisráði fyrr en framhaldið hjá stjórninni skýrðist. Fundarmenn tóku undir þetta. Bent var á að ef tillögunni verður ekki skilað fyrr en í sumar gefst svæðisráði tóm til að aka viðkomandi slóðir og skoða aðstæður.

2. Skýrsla samstarfshóps um samgöngur í VJP

Farið var yfir þær tillögur starfshópsins sem snerta vestursvæði og eftirfarandi bókað.

a. Nýidalur – styttingur.

Svæðisráð gerir ekki athugasemdir við að þessi leið verði skoðuð.

b. Tungnaáröræfi

Svæðisráð tekur undir þessa tillögu og er sammála því að leiðir á Tungnaáröræfum þurfi að skoða og gps-merkja upp á nýtt. Ákveðið var að skipuleggja vettvangsferð næsta sumar til að greiða úr þeirri flækju sem slóðir á Tungnaáröræfum eru.

c. Vonarskarð

Svæðisráð tekur undir hugmyndir um þolmarkarannsókn í Vonarskarði og nágrenni og leggur áherslu á að henni verði flýtt eins og kostur er.

3. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið